

Fundargerð

8. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 18. mars 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson formaður, Helgi Héðinsson varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir aðalmaður, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir aðalmaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Jón Hrói Finnsson ráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. Starfshópar - 1911021

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra og ráðgjafa um þóknun til handa starfsmönnum sveitarfélaganna sem taka þátt í vinnu starfshópa. Lagt er til að hverjum starfsmanni verði greiddar kr. 10.000 fyrir hvern setinn fund til að mæta auknu álagi sem af þátttökunni hlýst.

Samstarfnefndin samþykkir tillöguna um að greiða kr. 10.000 til starfsmanna annarra en sveitarstjóra, fyrir hvern setinn fund.

2. Starfshópar - 1911021

Formenn starfshópa fara yfir stöðu og gang vinnunnar hver í sínum hópi.

Í starfshópi um stjórnarsýslu og fjármál er gagnaöflun komin vel á veg og fyrsti fundur verður boðaður fyrir helgi.

Í starfshópi um eignir, götur, veitur og B-hlutafyrirtæki hafa verið haldnir þrjú fundir og vinnan gengur vel. Hópurinn er að vinna samantekt á framkvæmda- og viðhaldspörf til næstu tíu ára fyrir hvort sveitarfélag. Gert er ráð fyrir lokafundi 24. mars.

Í starfshópi um menningu íþróttir og tólmstundir hefur verið unnið með hliðsjón af minnisblöðum frá verkefninu Sveitarfélagið Austurland. Umræður hafa verið líflegar og góðar. Fundi sem vera átti í morgun var frestað. Hópurinn vantar upplýsingar um eignir sem nýttar eru á málavíðinu. Hópurinn þykir ákveðinn ókostur að ekki er fulltrúi úr Fnjóskadal í starfshópnum. Formanni hópsins falið að finna fulltrúa Fnjóskdælinga í hópinum.

Í starfshópi um félags- og fræðsluþjónustu hafa verið haldnir tveir fundir.

Skólastjórar hafa skilað upplýsingum um skólana sem verða nýttar í minnisblað hópsins. Næsti fundur er fyrirhugaður í næstu viku og verður líklega haldinn í fjarfundi. Fulltrúunum finnst öllum mikilvægt að skólum verði ekki lokað. Erindi hefur borist frá leikskólakennurum í Þingeyjarsveit þar sem því er mótmælt að enginn fulltrúi sé frá leikskólum í Þingeyjarsveit í hópunum. Formaður leitar eftir fulltrúa frá leikskólakennurum fyrir næsta fund.

Síðastliðinn miðvikudag var haldin vinnustofa í Nýsköpun í norðri þar sem hópamir

kynntu hugmyndir sínar um verkefni sem hægt er að ráðsat í. Hugmyndirnar eru margar og álitlegar. Fundi sem vera átti á fimmtudag var frestað vegna ástandsins í samfélaginu. Minnisblað þar sem kynntar eru hugmyndir úr verkefninu sem gætu verið hluti af aðgerðum til að bregðast við áföllum vegna COVID-19 hefur verið sent ríkistjórninni og alþingismönnum.

3. Starfshópur - Aðkoma ríkisins og verkefni utan áhrifa sameiningar - 2002015

Framhald vinnu við greiningu hagsmuna sem hófst á síðasta fundi nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 16:30.